



Reykjavíkurborg

Fjármála- og áhættustýringarsvið

Reykjavík, 12. apríl 2021
R21040075

Borgarráð

Skyggnisbraut 2, sala á íbúð 103

Óskað er eftir heimild borgarráðs til að ganga frá sölu á 3ja herbergja íbúð, merkt 02-0103 og stæði í bílageymslu, merkt 05B21, fastanr. 235-6399, á Skyggnisbraut 2 til Félagsbústaða hf. kt. 510497-2799 fyrir krónur 52.400.000.

Greinargerð:

Borgarráð fól eignasjóði árið 2017 að kaupa íbúðir sem lið í því að leita tímabundinna lausna til aukningar á félagslegu húsnæði í Reykjavík. Um var að ræða tímabundna ráðstöfun. Íbúðir voru síðan framleigðar til velferðarsviðs en hafa verið í rekstri Félagsbústaða. Félagsbústaðir hafa óskað eftir að eignast nokkrar af þessum íbúðum og er þetta liður í því. Fengið var verðmat tveggja óháðra löggiltra fasteignasala og er söluverð meðaltalsverð verðmata.

Íbúðin er á 1. hæð, 92,8 fermetrar að stærð og fasteignamat er krónur 41.500.000.

Óli Jón Hertervig
skrifstofustjóri eignaskrifstofu

Hjálagt:
Verðmat Remax fasteignasölu, dags. 24. mars 2021.
Verðmat Höfða fasteignasölu, dags. 22. mars 2021.